



# JÁRNGERÐUR

3. tbl. 2010

*- fréttir af bæjarmálefnum*



## **Pórkötlustaðaréttir**

**Réttað verður í Pórkötlustaðaréttum laugardaginn 18. september kl. 14:00 og að vanda verður margt um fé og fólk. Haustmarkaður handverksfólks verður starfræktur á svæðinu og eru bæjarbúar hvattir til þess að mæta.**





Guðbergur að hengja upp veggspjöldin í Saltfisksetrinu, hann notaði tommustokk við verkið.

## Guðbergur með áróðurssýningu í Saltfisksetrinu í Grindavík

Guðbergur Bergsson rithöfundur og heiðursborgari Grindavíkurbæjar opnaði áróðurssýningu í Saltfisksetrinu í Grindavík í júlí. Þar sýndi Guðbergur fjöldan allan af áróðursveggspjöldum sem hann hefur safnað í gegnum tíðina í langdvölum sínum víða um heim. Við opnunina leiddi Guðbergur gesti í gegnum sýninguna og þau mörgu stórmerkilegu áróðursveggspjöld sem þar var að finna. „Áróður á veggspjöldum er staðhæfing eða staðfesting á einhverju án þess að reynt sé að leiða áhorfandann með rökum í allan sannleikann. Aldrei er höfðað til vitsmuna heldur tilfinninga. Boðskapurinn blasir þá við augum

og býr um sig í hjarta hvers heilbrigðs manns,” sagði í inngangi Guðbergs að sýningunni. Jafnframt sagði Guðbergur: „Þessi sýning er haldin í þeim tilgangi að reyna örlítið að leiða áhorfandanum fyrir sjónir ýmsar tegundir af áróðri, en einkum þann sem var mest áberandi á síðustu öld og aðferðir sem honum fylgdu. Hér er stuðst við veggspjöld. Þau voru talin vera áhrifarikust sem miðill, hentugur til að „laða“ fólk að málstaðnum með góðu svo ekki þyrfti að gera það með illu, sem er samt talið vera besta og áhrifarikasta meðalið: Með illu skal illt út reka!”



## Sumarið er tíminn

Þótt nokkuð sé um liðið frá Sjóaranum sikáta og 17. júní er rétt að geta þess sem vel er gert. Sjóarinn sikáti tókst í alla staði mjög vel og var þátttaka bæjarbúa til fyrirmyndar. Veitt voru ýmis verðlaun og þá er talið að ríflega 20 þúsund manns hafi komið til Grindavíkur þessa helgi. Þá tókust hátíðarhöld 17. júní vel en þau voru að þessu sinni í umsjá knattspyrnudeildar UMFG.



## Grindavík heldur áfram að vaxa og dafna á grunni öflugssjávarútvegs, matvælaframleiðslu og ferðaþjónustu

Róbert Ragnarsson, nýr bæjarstjóri Grindavíkurbæjar:

„Mér hefur verið einstaklega vel tekið þessar fyrstu vikur í starfi og er ég þakklátur fyrir það. Ég vonast til þess að samstarfið haldi áfram að vera svona gott og við getum öll lagt okkur fram um að gera góðan bæ enn betri,“ segir Róbert Ragnarsson sem tók til starfa sem bæjarstjóri í Grindavík í byrjun ágúst. Hann var áður bæjarstjóri í Vogum í fjögur ár. Hann segist fullur tilhlökkunar að takast á við spennandi verkefni og leggur áherslu á samstarf í viðum skilningi.

Að sögn Róberts eru verkefni bæjarstjóra mjög fjölbreytt og spanna í raun allt sem upp getur komið í samfélagi manna. Það er enginn dagur eins í þessu starfi. Samkvæmt lögum er bæjarstjóri framkvæmdarstjóri sveitarfélagsins og sem slíkur tekur hann þátt í fundum bæjarráðs og bæjarstjórnar og sér til þess að ákvarðanir séu vel undirbúnar og í kjölfarið framkvæmdar. Bæjarstjóri er jafnframt æðsti yfirmaður starfslíðs bæjarins, en starfsmenn Grindavíkurbæjar eru rúmlega 180.

En hver eru helstu verkefni framundan? „Hastin eru tími fjárhagsáætlanagerða hjá sveitarfélögum. Næstu misseri hjá mér og öðrum starfsmönnum munu því fara í þá vinnu. Samhliða erum við að klára nýtt aðalskipulag fyrir Grindavíkurbæ, sem er stórt og mikið verkefni og markar framtíðarstefnu um landnotkun. Þar sem ég er nýr í starfi eru fjölmörg verkefni sem ég þarf að setja mig inn í og hitta fjölmargt fólk. Fundahöld og lestur skýrslna og minnisblaða taka því dagóðan tíma,“ segir Róbert.

### Tilkoma Suðurstrandarvegjar skapar sóknarfæri

Allt bendir til þess að Suðurstrandavegur verði tilbúinn á næsta eða þarnaesta ári. Hvaða þýðingu telur Róbert að vegurinn hafi fyrir Grindavíkurbæ og atvinnulífið hér?

„Ég tel að tilkoma Suðurstrandarvegjar skapi fjölmörg sóknartækifæri, ekki síst í ferðaþjónustu. Grindavík getur í enn meiri mæli orðið viðkomustaður ferðamanna á leið til og frá landinu. Nú munu ferðamenn hafa val um hvort þeir vilji hefja ferð sína um landið í Grindavík og fara austur og suður um landið, eða koma hingað á leið sinni heim. Suðurstrandarvegurinn mun líka opna á meiri samskipti Suðurnesjamanna og Sunnlendinga, sem munu án efa skapa ný tækifæri.“

Grindavík er sjávarútvegsbær með öflug sjávarútvegsfyrirtæki. Róbert sér fyrir sér að Grindavík muni halda áfram að vaxa og dafna á grunni öflugssjávarútvegs og matvælaframleiðslu, auk ferðaþjónustunnar. Hann segir mannlífið hér mjög kraftmikið, sem sést vel á öflugu atvinnulífi og íþróttastarfi. Aukin raforkuframleiðsla mun auk þess skapa ný



tækifæri og fjölga þannig eggjum í atvinnukörfunni. Róbert var bæjarstjóri í Vogum í fjögur ár áður en hann kom til Grindavíkur. Hann segir að það hafi verið mikil og góð reynsla og mjög lærdómsríkt. Vogar hafa vaxið mjög hratt og mörg spennandi verkefni tengd þeim mikla vexti, þannig að hann fékk tækifæri til að gera margt. Er hann Vogafólki mjög þakklátur fyrir gott samstarf og viðkynni.

Róbert er hins vegar að stýra núna töluvert stærra bæjarfélagi núna, hvernig list honum á það?

„Mér list mjög vel á það. Verkefni eru í öllum meginatriðum þau sömu, en við bætist að hér er mun öflugra atvinnulíf og stór höfn. Auk þess eru fleiri skipulagsverkefni sem snúa að orku og virkjanamálum. Aðalverkefni sveitarfélaga eru hinsvegar þau sömu allstaðar, skólamál og félagsþjónusta.“

### Samstarf í viðum skilningi

Róbert og Valgerður eiginkona hans sem er Húnavetningur, eiga þrjá stráka á aldrinum 1 til 11 ára og svo hund. Valgerður starfar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Róbert ólst upp í Keflavík en bjó í Breiðholti í nokkur ár sem barn og gekk í Seljaskóla. Hann fór svo aftur til Keflavíkur sem unglingur og var þar þangað til hann fór í háskóla. Róbert er stúdent frá FS, en hélt síðan í Háskóla Íslands eftir stutt stopp í Grindavík við kennslu í grunnskólanum. Hann kom síðan aftur til Grindavíkur eftir 2ja ára nám í stjórnálafræði

og starfaði sem ferðamála- og markaðsfulltrúi áður en hann fór í framhaldsnám í stjórnálafræði í Danmörku.

En hver eru helstu áhugamál Róberts? „Mín áhugamál eru íþróttir og þá helst fótbolti. Eins hef ég verið að prófa mig áfram í stangveiði. Annars reyni ég að verja þeim frítíma sem ég á með fjölskyldunni og við höfum verið dugleg að fara í sveitina til tengdaforeldranna þar sem Vala og strákarnir eru að stússast í hestum.“

Róbert leggur áherslu á samstarf í viðum skilningi. „Það þarf heilt þorp til að ala upp einstakling og allir þræðirnir þurfa að vinna saman og allir að leggja á eitt. Dagsdaglega erum við að veita um 700 börnum þjónustu í leik- og grunnskóla og frístundastarfi. Það krefst mikils samstarfs starfsmanna, foreldra og barna. Auk þess þurfum við að vinna saman á vettvangi stjórnmalanna, bæði innanbæjar og við önnur sveitarfélög og stjórnvöld. Hagsmunirnir eru í langflestum tilvikum sameiginlegir.“

- Á að mæta á völlinn og hvetja Grindavík í boltanum?

„Já, ég hef mætt á tvo leiki á Grindavíkurvelli. Ég hugsa að ég verði samt einhverstaðar upptekinn þegar Grindavík mætir Keflavík.“ segir Róbert og hlær.

Róbert sagðist að lokum vonast til að eiga gott samstarf við bæjarbúa og þeir aðstoði hann og aðra starfsmenn bæjarins við að gera góðan bæ enn betri.

## Aukinn kraftur í forvarnarstarfi og löggæslu

Byrðís Gunnlaugsdóttir, forseti bæjarstjórnar, Róbert Ragnarsson bæjarstjóri og Kristinn Reimarsson fristunda- og menningarfulltrúi áttu fund með Sigríði Björk Guðjónsdóttur lögreglustjóra Suðurnesja og fulltrúum hennar. Fundurinn var framhald af fundi sem þessir aðilar áttu í byrjun ágúst.

Á fundinum lagði lögreglan fram tölfræði um afbrot í Grindavík fyrir árið 2009 og það sem af er ári 2010. Rætt var um sameiginlegt forvarnarstarf aðila og aukna löggæslu í Grindavík. Lögreglustjóri upplýsti að farið yrði í sérstakt átaksverkefni í Grindavík næstu 30 daga þar sem löggæsla yrði eflað til muna og frá og með deginum í dag verða alltaf tveir lögreglumenn á vakt frá 14:00 á daginn og fram yfir miðnætti. Munu þeir sinna almennri löggæslu í Grindavík auk þess að sinna umferðareftirliti á Grindavíkurvegi og Reykjanesbraut. Að auki verður einn lögreglumaður í Grindavík alla fimmtudaga til að sinna forvarnarfræðslu. Með þessu fyrirkomulagi verður sýnileiki lögreglunnar í Grindavík mun meiri og löggæsla mun markvissari.



Bæjaryfirvöld fagna þessum tillögum lögreglustjóra og munu jafnhliða setja aukin kraft í forvarnarstarf sveitarfélagsins og með þátttöku samfélagsins. Samfélagið í Grindavík á að vera öruggt en til þess að það gangi eftir þurfa allir í samfélaginu að taka virkan þátt. Minnt er á að hægt er að hafa samband við

lögreglu með því að senda tölvupóst á netfangið grindavik@dc.is Einnig er vert að minnast á fíkniefnasímann 800 5005. Hafir þú upplýsingar varðandi fíkniefni hvetjum við þig til að koma þeim á framfæri við lögreglu. Fullrar nafnleyndar er heitið.

Þegar hringt er í fíkniefnasímann svarar talhólf. Þar getur þú lesið inn þær upplýsingar sem þú vilt koma á framfæri við lögreglu. Hægt er að gefa upplýsingarnar upp nafnlaust. Ef lögreglu er heimilt að hafa samband eða þú óskar þess þarf að taka það fram og gefa upplýsingar um nafn, símanúmer eða netfang.

Talhólfíð er vaktað allan sólarhringinn sem tryggir að upplýsingarnar berast fljótt og vel til viðkomandi lögregluembættis.

### Neyðarnúmerið 112

Upplýsingasíma Lögreglunnar á Suðurnesjum 420-1700

**Fulltrúar D og B lista eru sam-mála um að starfa saman að málefnum Grindavíkurbæjar á eftirfarandi hátt:**

B listi fái forseta bæjarstjórnar.

B listi fær fulltrúa í S.S.S.

D listi fái formann bæjarráðs.

B listi skipi fulltrúa í stjórn

Sorpeyðingastöðvar Suðurnesja.

D listi skipi fulltrúa í stjórn HES.

**Formennska í nefndum verður sem hér segir:**

**B listi**

Ferða og atvinnumálanefnd

Félagsmálaráð

Hafnarstjórn

Kjörstjórn

Menningar-og bókasafnsnefnd

**D listi**

Fræðslu- og uppeldisnefnd

Íþróttá- og æskulýðsnefnd

Skipulags-og byggingarnefnd

Húsnæðisnefnd

Umhverfisnefnd

Grindavíkurbær er vel stætt bæjarfélag en ljóst er að tryggja þarf að rekstrartekjur standi undir rekstrargjöldum. Flokkarnir ætla að yfirfara alla málaflokka með það að markmiði að lækka rekstrargjöld en um leið standa vörð um grunnþjónustuna. Stefnit er að því að hitaveitusjóðurinn ávaxti sig og vextir af honum verði notaðir í uppbyggingu í bæjarfélaginu en ekki í rekstur. Grindavík er fjölskylduvænt bæjarfélag og lögd er áhersla á að svo verði áfram.

Undirstöðu atvinnuvegur bæjarins er sjávarútvegur og standa verður vörð um hann en jafnframt leggja áherslu á fjölbreytta uppbyggingu atvinnulífsins í tengslum við auðlindir í landi Grindavíkur. Við munum leggja okkur fram um að allir bæjarfulltrúar eigi gott samstarf út kjörtímabilið. Með góðu trausti milli allra aðila er hægt að auka samstarf bæjarfulltrúa. Starf bæjarstjóra verður auglýst.

**Skipulagsmál**

*Bæjarfulltrúar B og D lista eru*

*sammála um að:*

- Skipuleggja miðbæjarkjarna með tengingu niður á hafnar­svæðið.
- Halda áfram uppbyggingu á iðnaðarsvæði við Melhól og undirbúning að iðnaðarsvæði vestan við Grindavík.
- Þrýsta á ákvarðanatökur með lóð Fiskimjöls og Lýsis.
- Áfram verði þrýst á ríkisvaldið



*Nýr meirihluti Bæjarstjórnar Grindavíkur. F.v. Páll Jóhann Pálsson, Þórunn Erlingsdóttir, Bryndís Gunnlaugsdóttir og Guðmundur Pálsson.*

# Málefнасamningur meirihluta Bæjarstjórnar Grindavíkur

*Framsóknarfélags Grindavíkur og Sjálfstæðisfélags Grindavíkur 2010-2014*

- að ljúka við Suðurstrandarveg.
- Þrýsta á að ráðist verði í breikkun Grindavíkurveg­ar ásamt því sem hann verði lýstur upp.

**Stjórnsýslan**

*Bæjarfulltrúar B og D lista eru*

*sammála um að:*

- Endurskoða þurfi stjórnkerfi bæjarins með það að leiðarljósi að ljúka vinnu við skipurit bæjarins, fækka nefndum, auka gagnsæi og bjóða upp á skilvirkari þjónustu.

**Festi**

*Bæjarfulltrúar B og D lista eru*

*sammála um að:*

- Byggja eigi upp Festi. Salurinn verður gerður upp með mögu­leika á að skipta honum niður og fundið út hvaða stofnanir og þjónusta eigi best heima þar t.d. stjórnsýslan, Þruman eða bókasafn.

**Ferða- og atvinnumál**

*Bæjarfulltrúar B og D lista eru*

*sammála um að:*

- Vinna áfram markvisst að fjölgun nýrra atvinnutækifæra m.a. með nýtingu á þeirri orku sem er í túnfætinum samkvæmt auðlindastefnu Grindavíkurbæjar.
- Standa vörð um þá atvinnu sem er nú þegar í Grindavík og hvetja bæjarbúa til atvinnu-

sköpunar.

- Vinna markvisst að því að fjölga ferðamönnum í Grinda­vík meðal annars með því að tengja Bláa lónið og Northern Light Inn við Grindavík með göngustíg, betra aðgengi að hafnarsvæðinu og tengingu frá tjaldsvæðinu að höfninni í samvinnu við ferðaþjón­ustuaðila í Grindavík.
- Hafa forgöngu um fram­kvæmd á Eldfjallagarði í sam­starfi við önnur sveitarfélög.

**Málefni eldri borgara**

*Bæjarfulltrúar B og D lista eru*

*sammála um að:*

- Bæta félagsaðstöðu fyrir eldri borgara svo hún nýtist sem flestum.
- Huga vel að heimaþjónustunni sem gerir þeim kleift að búa lengur í eigin húsnæði.

**Málefni fatlaðra**

*Bæjarfulltrúar B og D lista eru*

*sammála um að:*

- Yfirfærsla málefna fatlaðra verði unnin í samvinnu við nágrannasveitarfélög og tryggja fjölbreyttari og betri þjónustu við fatlaða einstak­linga í Grindavík.

**Skólamál**

*Bæjarfulltrúar B og D lista eru*

*sammála um að:*

- Ráðinn verði einn skólastjóri

yfir grunnskólum bæjarins til að tryggja heildstætt skólastarf og hagræðingu í rekstri.

- Bæta samstarf skólaskrifstofu við leik- og grunnskóla bæj­arins.
- Áfram verði stefnt að því að börn 18 mánaða og eldri eigi kost á leikskólaplássi.
- Fullorðinsfræðsla verði aukin í Grindavík í samráði við Mið­stöð símenntunar á Suðurnesjum.
- Styðja við áframhaldandi uppbyggingu Fisktækniskóla Íslands.

**Íþróttá- og æskulýðsmál**

*Bæjarfulltrúar B og D lista eru*

*sammála um að:*

- Styðja áfram við bakið á íþróttalífi í Grindavík.
- Endurskoða tilhögun nið­urgreiðslna vegna íþróttá- og tómstundaiðkunar barna.
- Halda áfram uppbyggingu á íþróttasvæðinu m.a. til að finna gólfíþróttunum aðstöðu.
- Endurskoða framtíðarstefnu í forvörnum.

**Menning og listir**

*Bæjarfulltrúar B og D lista eru*

*sammála um að:*

- Leita leiða til að auka tekjumöguleika Saltfiskseturs Íslands.
- Styðja við menningarlegar uppákomur sem eiga sér stað í

Grindavík, s.s. menningarviku og Sjóarann síkáta.

**Hafnarmál**

*Bæjarfulltrúar B og D lista eru*

*sammála um að:*

- Breikka innri rennuna.
- Fegra umhverfi hafnarinnar.
- Bæta þjónustu við sjófarendur og aðra notendur.
- Vinna áfram að því að gera Grindavíkurhöfn samkeppn­ishæfa og að hún verði áfram besta fiskihöfn landsins.
- Tryggja að Grindavíkurhöfn geti sinnt framtíðar atvinnu­uppbyggingu í Grindavík.

**Umhverfismál**

*Bæjarfulltrúar B og D lista eru*

*sammála um að:*

- Tengja hverfi bæjarins betur saman með göngustígum.
- Leggja göngustíga út að golf­velli og austur í hverfi
- Tengja fjöruna við bæinn með göngustígum.
- Finna framtíðarlausn á losun úrgangssalts.

**Opinber þjónusta:**

*Bæjarfulltrúar B og D lista eru*

*sammála um að:*

- Leita allra leiða til að auka lækniþjónustu heilsugæsl­unnar.
- Þrýsta á að löggæslan í Grindavík verði efl.

*Grindavík, 15. júní 2010*

*Fulltrúar B- og D-lista*

## Nefndir

## Grindavíkurbæjar

**Almannavarnarnefnd**

**Aðalmenn**

Róbert Ragnarsson, bæjarstjóri robert@grindavik.is

Jón Valgeir Guðmundsson

Guðfinna Bogadóttir

**Varamenn**

Björgvin Björgvinsson

Ingibjörg Reynisdóttir

**Atvinnu- og ferðamálanefnd ( 5 )**

**Aðalmenn**

Páll Jóhann Pálsson (B), formaður

palljohann@grindavik.is

Jakob Sigurðsson (B)

Heiðar Hrafn Eiríksson (D)

Lovísa Hilmarsdóttir (G)

Helga Kristjánsdóttir (S)

**Varamenn**

Gylfi Hauksson (B)

Ingimar Waldorff (B)

Pétur Gíslason (D)

Guðveig Sigurðardóttir (G)

Páll Þorbjörnsson (S)

**Búfjáreftilritsmaður ( 1 )**

**Aðalmaður**

Hörður Guðbrandsson

**Bæjarráð:**

Guðmundur Pálsson, formaður (D)

gudmundurpals@grindavik.is

Bryndís Gunnlaugsdóttir (B)

bryndisg@grindavik.is

Kristín María Birgisdóttir (G)

kristinmaria@grindavik.is

Páll Valur Björnsson (S), áheyrn-

arfulltrúi með málfrelsi og til-

lögurrétt og hann fær greitt fyrir

sem almennur bæjarráðsmaður.

pallvalur@grindavik.is

**Bæjarstjórn:**

**Forseti bæjarstjórnar:**

Bryndís Gunnlaugsdóttir

bryndisg@grindavik.is

**1. varaforseti:**

Guðmundur Pálsson

**2. varaforseti:**

Páll Jóhann Pálsson

**Félagsmálaráð ( 5 )**

**Aðalmenn**

Ásrún Helga Kristinsdóttir (B),

formaður - asrun@grindavik.is

Ágústa Inga Sigurgeirsdóttir (B)

Jóhanna Sævarsdóttir (D)

Anna Sigríður Jónsdóttir (G)

Hulda Jóhannsdóttir (S)

**Varamenn**

Björg Guðmundsdóttir (B)

Þorgerður Guðmundsdóttir (B)

Stefanía Sigríður Jónsdóttir (D)

María Jóhannsdóttir (G)

Magnús Andri Hjaltason (S)

**Fjallskilanefnd ( 3 )**

**Aðalmenn**

Hermann Ólafsson

Hörður Sigurðsson

Ásta Jóhannesdóttir

astaj@grindavik.is

**Varamenn**

Guðjón Þorláksson

Þórir Kristinsson

Ómar Davíð Ólafsson

**Fræðslu- og uppeldisnefnd ( 5 )**

**Aðalmenn**

Klara Halldórsdóttir (D),

formaður - klara@bluelagoon.is

Eva Björg Sigurðardóttir (B)

Þórunn Svava Röbertsdóttir (D)

Einar Sveinn Jónsson (G)

Sigríður Anna Ólafsdóttir (S)

**Varamenn**

Sara Símonardóttir (B)

Ásdís Sigurðardóttir (D)

Bjarni Svavarsson (D)

Ragnheiður Ólafsdóttir (G)

Stefanía Stefánsdóttir (S)

**Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags BÍ (1)**

**Aðalmaður**

Róbert Ragnarsson, bæjarstjóri

robert@grindavik.is

**Varamaður**

Jón Þórisson, fjármálastjóri

**Fulltrúar á landsþing sambands**

**íslenskra sveitarfélaga ( 2 )**

**Aðalmenn**

Bryndís Gunnlaugsdóttir (B)

bryndis@grindavik.is

Guðmundur L. Pálsson (D) -

gudmundurpals@grindavik.is

**Varamenn**

Páll Jóhann Pálsson (B)

Vilhjálmur Árnason (B)

**Hafnarstjórn ( 5 )**

**Aðalmenn**

Páll Gíslason (B), formaður

steinsog@visir.is

Hilmar E. Helgason (B)

Eiríkur Dagbjartsson (D)

Sigurður Friðfinnsson (G)

Sigurður Kristmundsson (S)

**Varamenn**

Andrés Óskarsson (B)

Þorlákur Halldórsson (B)

Sigmar Eðvarðsson (D)

Pétur Benediktsson (G)

Bergþóra Gísladóttir (S)

**Húsnæðisnefnd ( 3 )**

**Aðalmenn**

Þuríður Gísladóttir (D),

formaður - lolla@grindvik.is

Sigríður Þórðardóttir (B)

Steinunn Gestsdóttir (G)

Varamenn

Ásrún Helga Kristinsdóttir (B)

Guðrún Dröfn Birgisdóttir (D)

Aðalbjörg Ívarsdóttir (G)

**Íþróttá- og æskulýðsnefnd ( 5 )**

**Aðalmenn**

Magnús Már Jakobsson (D),

formaður - magnus@bluelagoon.is

Þórunn Erlingsdóttir (B)

Jóna Rut Jónsdóttir (D)

Helena Bjarn­dís Bjarnadóttir (G)

Benóný Harðarson (S)

**Varamenn**

Haukur Einarsson (B)

Ægir Viktorsson (D)

Atli Geir Júlíusson (D)

Páll Axel Vilbergsson (G)

Páll Valur Björnsson (S)

**Kjörstjórn:**

Kjartan Adólfsson (D)

kjartan@grindavik.is

Helgi Bogason (B)

Jónína Ívarsdóttir (G)

**Til vara:**

Baldur Pálsson (D)

Sesselja Hafberg (B)

Dagný Erla Vilbergsdóttir (G)

**Menningar- og**

**bókasafnsnefnd ( 3 )**

Aðalmenn

# Fjölbreytt frístundaframboð


Á dögnum kynntu íþrótt- og tómstundafélög í Grindavík starfsemi sína. Íþróttadeildir voru með opnar æfingar þar sem allir voru velkomnir að kynna sér starfsemi þeirra og prófa íþróttina og þá var opið hús hjá Björgunarsveitinni Þorbirni. Einnig kynntu ýmis tómstundafélög starfsemi sína í anddyri íþróttahússins. Vel tókst til og var mæting með ágætum. Er þetta góð byrjun sem hægt er að þróa og efla frekar í framtíðinni.

Óhætt er að segja að frístundaframboð í Grindavík sé töluvert og ættu flestir að geta fundið sér félagsskap við hæfi.

Jafnhliða þessum dögum var gefin út sérstök frístundahandbók þar sem er að finna allar helstu upplýsingar um starfsemi þessara félaga en bókinni var dreift í öll hús bæjarins og jafnframt hægt að nálgast hana í tölvutæku formi á heimasíðu bæjarins.



Frístunda **handbókin**



## Skrifað undir samning við Skólamat

Fyrir skömmu var skrifað undir samning Skólamats ehf. og Grindavíkurbæjar um að Skólamatur reki mótuneyti fyrir Grunnskóla Grindavíkur næstu þrjú árin. Grindavíkurbær var fyrst bæjarfélaga til þess að semja við Skólamat á sínum tíma en samstarfið hefur varað undanfarnir 10 ár og verður því áfram næstu þrjú árin.

Mikil ánægja hefur verið með mat og þjónustu Skólamats ehf. í skólanum þessi ár. Skólamaturinn kostar 220 krónur í áskrift frá 1. september sl. en annars 600 kr. hver skammtur. Það margborgar sig því fyrir nemendur að vera í áskrift.

Hægt er að sjá matseðil Skólamats á heimasíðu fyrirtækisins og grunnskólans.

Á myndinni undirrita Róbert Ragnarsson bæjarstjóri Grindavíkurbæjar og Axel Jónsson stjórnarformaður Skólamats samstarfssamning til næstu þriggja ára.



Ólafur Jóhannsson, formaður undirbúningsnefndar, flytur ávarp.

## Fisktækniskólinn tekinn til starfa

Fisktækniskóli Suðurnesja í Grindavík var formlega opnaður í vor við hátíðlega athöfn í Saltfisksetrinu. Miklar vonir eru bundnar við skólann sem markar ákveðin tímamót. Skólinn hófst reyndar í mars þegar 30 nemendur hófu nám á grundvelli sérstaks átaks Vinnuálastofnunar á Suðurnesjum. Það var samdóma álit þeirra sem tóku til máls við opnun skólans að löngu sé tímabært að hlúa að menntun við undirstöðuáttvinnu-veg þjóðarinnar. Fisktækniskólinn hefur vakið athygli og undirbúningur að stofnun svipaðrar stofnunar þegar hafinn á amk. tveimur öðrum stöðum á landinu.

Til stóð að Katrín Jakobsdóttir mennta-

málaráðherra myndi opna skólann formlega en hún forfallaðist vegna veikinda. Björn Valur Gíslason þingmaður Vinstri grænna flutti kveðju menntamálaráðherra.

Ýmsir aðilar ávörpuðu samkomuna, þar á meðal Ólafur Jóhannsson formaður undirbúningsnefndar, Gunnar Tómasson frá Þorbirni hf. og Ólafur Örn Ólafsson fráfarandi bæjarstjóri sem fögnuðu þessum tímamótum.

Ólafur Jón Arnbjörnsson sem hefur átt veg og vanda að undirbúningi Fisktækniskóla Suðurnesja í Grindavík, sagði að skólinn sér nú um kennslu á sviði veiðitækni (netagerðar) á grundvelli samstarfssamnings við Fjölbautaskóla Suðurnesja og áformar að hefja kennslu

á sviði veiða (hásetanám), vinnslu og fiskeldi á framhaldsskólastigi á næsta ári, á grundvelli nýrrar námskrá sem verið er að vinna að og að fengnu samþykki menntamálayfirvalda.

Síðan var haldið að Ægisgötu 3 þar sem verknámsaðstaðan er og svo í bóknámsaðstöðuna að Víkurbraut 56 en þar verður jafnframt aðstaða Miðstöðvar Símenntunar á Suðurnesjum í Grindavík.

Fisktækniskólinn er samstarfsverkefni Fjölbautaskóla Suðurnesja, Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum, Sambands Sveitarfélaga á Suðurnesjum, Grindavíkurbæjar, einstaklinga auk fyrirtækja og stéttarféлага á sviði veiða og vinnslu á Suðurnesjum.

## Gjörbylt aðstaða með nýju vigtarhúsi

Nýja vigtarhúsið við höfnina var opið fyrir gesti og gangandi síðasta á dögnum frá kl. 14 til 18. Um eitt hundrað manns komu við á viktinni til að kynna sér starfsemi hafnarinnar og skoða þetta glæsilega hús sem gjörbyltri allri aðstöðu fyrir starfsmenn Grindavíkurhafnar.

Að sögn Sverris Vilbergssonar hafnarstjóra hefur nýja vigtarhúsið augljóst hagræði í för með sér en hann og starfsmenn hafnarinnar fengu að hafa hönd í bagga með teikningarnar og skipulagið. Nú er vigtin beint fyrir framan nýja húsið en í gamla húsnæðinu sáu starfsmenn hafnarinnar aldrei bílstjórana og öll samskipti fóru í gegnum kallkerfi enda vigtin fjarri húsinu.

Nýja vigtarhúsið er um 90 fermetrar á tveimur hæðum. Þar er aðstaða fyrir starfsmenn til fyrirmyndar. Útsýni yfir innsiglinguna og höfnina er frábært, í raun sést afar vel til allra átta. Vigtin tekur um 60 tonn en hún er að sjálf-sögðu lífæð hafnarinnar. Verktaki við byggingu hafnarhússins var Grindin ehf.



Ljósmyndir: Kr.Ben

# Ný Bæjarstjórn Grindavíkur

## Bryndís Gunnlaugsdóttir (B)

Bryndís Gunnlaugsdóttir er bæjarfulltrúi fyrir Framsóknarflokkinn frá 2010 og forseti bæjarstjórnar.

Netfang:

bryndisg@grindavik.is

Sími: 660-7316

eða 898-5373

Hægt er að panta viðtalstíma hjá Bryndís með því að senda tölvupóst á netfangið bryndisg@grindavik.is. Vinsamlegast tilgreinið jafnframt erindið. Bryndís verður með fasta viðtalstíma frá og með hausti sem auglýstir verða þegar þar að kemur.

**Bakgrunnur:** Fædd og uppalin í Grindavík, dóttir hjónanna Gunnlaugs Jóns Hreinssonar og Láru Marelsdóttur. Lauk stúdentsprófi frá Fjölbrotaskóla Suðurnesja og BA-gráðu og meistaraþáttu í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík. Starfaði með námi hjá Útlendingastofnun, var í starfsnámi hjá Héraðsdómi Reykjaness og lærlingur á lögfræðistofu Stanzler, Funderburk & Castellon LLP í Los Angeles. Starfar í dag sem lögfræðingur á skatta- og lögfræðisviði PricewaterhouseCoopers hf. og er varaþingmaður Framsóknarflokksins í Suðurkjördæmi.

Hefur viðtæka reynslu af félagsmálum s.s innan körfuboltahefingarfingarflokkanna, ELSA, félagslaganema í Evrópu og ókeypis lögfræðisþjónustu Lögréttu fyrir innflytjendur. Hefur sinnt ýmsum trúnaðarstörfum innan Framsóknarflokksins, er formaður Sambands ungra Framsóknarmanna, leiddi nefnd flokksins um íbúalýðræði ásamt Jóni Kristjánssyni fyrrum ráðherra og situr í sjávarútvegsnefnd Framsóknar er hefur það markmið að móta stefnu Framsóknar í sjávarútvegsáttum.

**Áhugamál:** Þjóðfélagið og hið dagsdaglega líf enda snúast stjórnám um lífið sjálft. Íþróttir og þá sérstaklega körfubolti og hið klassíska að ferðast og eiga góðar samverustundir með fjölskyldu og vinum.

## Páll Jóhann Pálsson (B)

Páll Jóhann Pálsson er bæjarfulltrúi fyrir Framsóknarflokkinn síðan 2010.

Netfang:

palljohann@grindavik.is

Sími: 820-2777

**Bakgrunnur:** Páll Jóhann er fæddur í Keflavík árið 1957 og fluttist sjö ára til Grindavíkur með foreldrum sínum. Páll útskrifaðist frá Vélaskóla Íslands 1978 og Stýrimannaskóla Íslands 1983 og hefur síðan unnið við útgerð, ýmist á sjó eða í landi.

Gerir út smábátinn Daðey GK -777 ásamt konu sinni en auk þess stunda þau hrossarækt á búi sínu í Stafholti, Þórkötlustaðahverfi.

**Fjölskylda:** Eiginkona Páls er Guðmunda Kristjánisdóttir, þau eiga fimm börn og sjö barnabörn.



**Áhugamál:** Hestamennska, fiskveiðar, knattspyrna og öll útivera með fjölskyldu og vinum.

## Pórunn Erlingsdóttir (B)

Pórunn Erlingsdóttir er bæjarfulltrúi fyrir Framsókn síðan 2010.

Netfang: tota@grindavik.is

Sími 421 3029.

**Bakgrunnur:** Fædd í Skagafirði árið 1981 og ólst þar upp. Er með stúdentspróf frá FNV (Fjölbrotaskóla Norðurlands-Vestra). Menntuð sem íþróttfræðingur frá Laugarvatni árið 2005. Hefur starfað sem íþróttakennari hjá Grunnskóla Grindavíkur síðustu árin. Er verkefnastjóri/unglingalandsliðsþjálfari hjá Frjálsíþróttasambandi Íslands og er einnig formaður Unglingaráðs Frjálsíþróttasambandsins.

**Fjölskylda:** Er í sambúð með Orra Frey Hjaltalín og á með honum eina litla stúlku að nafni Ragnheiður Tinna Hjaltalín.

**Áhugamál:** Mikill áhugi á íþróttum, fjölskyldunni og vera innan um góða vini.

## Guðmundur Pálsson (D)

Guðmundur Pálsson er bæjarfulltrúi fyrir Sjálfstæðisflokkinn síðan 2006 og er formaður bæjarráðs.

Netfang:

gudmundurpals@grindavik.is

Sími 426 7210 / 864 7210

**Guðmundur er með fasta viðtalstíma fyrir bæjarbúa einu sinni í mánuði. Vinsamlegast pantið tíma með því að senda tölvupóst til Guðmundar á netfangið gudmundurpals@grindavik.is. Tilgreinið jafnframt um erindið.**

**Bakgrunnur:** Fæddur í Sandgerði 1964 og óst þar upp. Stúdentspróf frá Menntaskólanum að Laugarvatni.

Útskrifaðist frá Tannlæknadeild Háskóla Íslands vorið 1992 og hefur unnið sem tannlæknir í Grindavík frá útskrift.

**Fjölskylda:** Eiginkona Guðmundar er Ólöf Bolladóttir sérkennari við Grunnskóla Grindavíkur. Þau eiga fjögur börn.

**Áhugamál:** Stjórnám, íþróttir og þá sérstaklega golf og knattspyrna. Samvera með fjölskyldu og vinum og þá ekki síst í útilegum út um allt land.

## Kristín María Birgisdóttir (G)

Kristín María Birgisdóttir er bæjarfulltrúi fyrir Lista Grindavíkinga síðan 2010.

Netfang:

kristinmaria@grindavik.is

**Bakgrunnur:** Fæddist í Reykjavík 17. apríl 1980 og ólst upp í Grindavík. Stúdent af viðskipta- og hagfræðibraut Fjölbrotaskóla Suðurnesja vorið



2001. Útskrifaðist með B.A. próf í stjórnámálfraði frá Háskóla Íslands vorið 2007. Var samhlíða náminu í Vöku, félagi lýðræðissinnaðra stúdenta og sat í Stúdentaráði. Var formaður lánasjóðsnefndar ráðsins og varamaður í stjórn LÍN. Ritstýrði Íslensku leiðinni árið 2005 sem er fræðirit stjórnámálfraðinema. Vann sem fréttamaður hjá Fréttastofu útvarpsins frá 2005-2007. Vann sumarið 2008 fyrir Gunnar Helga Kristinsson, prófessor í stjórnámálfraði við Háskóla Íslands. Var fréttamaður á Stöð 2 sumarið 2009.

Lauk kennsluréttindanami frá Háskólanum á Akureyri núna í júní og mun ljúka meistaraþrófi í mannauðsstjórnun frá Háskóla Íslands í febrúar 2011. Hefur unnið tvö undanfarin ár við kennslu í Grunnskóla Grindavíkur.

**Áhugamál:** Stjórnámál fyrst og fremst. Námið hefur tekið mikinn tíma hingað til en stefnan er sett á að gripa í golfkylfur. Mógulega er sú baktería í uppsiglingu.

## Dagbjartur Willardsson (G)

Dagbjartur Willardsson er bæjarfulltrúi fyrir Lista Grindavíkinga síðan 2010.

Netfang:

dagbjartur@grindavik.is

Sími 861 7507

**Bakgrunnur:** Fæddur 1964 og hef búið í Grindavík nánast alla tíð.

Útskrifaðist árið 1984 frá Verslunarskóla Íslands sem stúdent. Hef unnið við skrifstofustörf og þá aðallega í bókhaldi.

**Fjölskylda:** Er kvæntur Dagnýju Erlu Vilbergsdóttur hómópata og kennara-, náms- og starfsráðgjafa. Á fimm börn á aldrinum 2-25 ára. **Áhugamál:** Íþróttir eru aðaláhugamál mitt og hef ég starfað mikið í kringum deildinar hjá UMFG og þá aðallega körfuknattleiksdeildina. Hef þjálfað bæði þar og einnig hjá knattspyrnuveidinni hér áður fyrr. Er mikill fjölskyldumaður og fer mikill tími í að sinna stórrí fjölskyldu.

## Páll Valur Björnsson (S)

Páll Valur Björnsson er bæjarfulltrúi fyrir Samfylkingu síðan 2010.

Netfang:

pallvalur@grindavik.is

Sími: 426 7786 og 663 7786.

**Páll Valur er ekki kominn með fasta viðtalstíma**

**en fólk er frjálst að hafa samband við hann hvenær sem er, bæði með því að hringja eða senda tölvupóst.**

**Bakgrunnur:** Páll Valur er sonur Björns Pálssonar frá Vopnafirði og Katrínar Maríu Valsdóttur frá Reykjavík og er fæddur í Reykjavík þann 9. júlí 1962 en ólst upp austur á Vopnafirði. Kom fyrst til Grindavíkur árið 1981 á vertíð en hefur búið hér í bæ frá 1987 fyrir utan eitt og hálf ár þegar fjölskyldan bjó í



Sonderborg Danmörku. Hann hefur unnið við margvísleg störf bæði til sjós og lands en lengst af vann hann hjá Fiskmarkaði Suðurnesja. Hann hefur haft yfrumsjón með Vinnuskóla Grindavíkur síðustu ár. Páll Valur lauk námi frá Háskólaláru Keilis frumgreinaeild að Ásbrú Keflavíkurflugvelli vorið 2008 og stundar grunnskólakennaranám við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og stefnir á að ljúka því vorið 2011.

## MSS opnar útibú í Grindavík

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS) opnaði í sumar útibú í Grindavík. Starfsemi MSS hafði aukist gríðarlega undanfarin ár og því þótti tímabært að auka námskeiðahald í Grindavík, að sögn Guðjónínu Sæmundsdóttur, forstöðumans MSS. Fisktækniskóli Suðurnesja opnaði fyrir stuttu í Grindavík. Er þessar tvær stofnanir undir sama þaki að Vikurbraut 56 en ætlunin er að samnýta þannig húsnæði og starfsfólk.

MSS hefur ráðið Grindavíkinginn Guðrúnu Jónu Magnúsdóttur til að sinna námskeiðahaldi og náms- og starfsráðgjöf í Grindavík.

Hvaða þýðingu hefur það fyrir Grindavík að fá menntastofnun sem þessa hingað? „Það er gríðarlega mikilvægt fyrir Grindavíkinga að geta sótt sér menntun í heimabyggð hvort sem er á sviði tómstunda eða í tengslum við áframhaldandi nám. Margir sem stofnað hafa fjölskyldu hafa sett það fyrir sig að þurfa að keyra langar vegalengdir en nú er það úr sögunni með tilkomu MSS í Grindavík. Fisktækniskólinn er einnig stofnun sem á mikið erindi í bæjarfélagið sem er jú fyrst og fremst útgerðarþær og margir geta sótt sér meiri þekkingu þar,“ segir Guðrún Jóna.

Hún er náms- og starfsráðgjafi að mennt, mun bjóða upp náms- og starfsráðgjöf og einnig verður námskeiðið Árangursríkari starfsleit sem hefur verið í boði hjá MSS í eitt ár í Reykjanesbæ líka í boði í Grindavík með haustinu. Á því námskeiði gera einstaklingar sína færniþoppu, ferilskrá, fara í áhugasviðsgreiningu og fá hagnýt ráð í starfsleitinni.

**Fjölskylda:** Eiginkona Páls Vals er Hulda Jóhannsdóttir leikskólalærjón og eru börn þeirra Ólöf Helga og Björn Valur.

**Áhugamál:** Helstu áhugamál Páls eru velferðarmál og að byggja upp samfélag þar sem öllum geti liðið vel saman jafnt í starfi sem í leik. Fjölskyldan skipar stóran sess í lífi Páls og eins eru íþróttir og þá sérstaklega íþróttir í Grindavík mikið áhugamál hjá honum.



Nanna Bára Maríasdóttir er einnig nýr starfsmaður hjá MSS í Grindavík og mun hún sinna sí- og endurmenntun í sjávarútvegi. Hún er líka að hluta til starfsmaður Fisktækniskólans. Hún mun skipuleggja nám í sjávarútvegi og í haust verður m.a. í boði fluguhnýtinganámskeið og flökun laxa og silunga. Unnið er þessa dagana að skipulagningu á fleiri námskeiðum. Með ráðningu sérstaks starfsmanns til að sinna sí- og endurmenntun í sjávarútvegi er ætlunin að efla þennan málaflokk til muna, að sögn Guðjónínu Sæmundsdóttur.

Aðstaða fyrir nemendur í fjarnámi mun líka flytjast í nýtt húsnæði en í dag geta Grindavíkingar stundað fjarnám við Háskólann á Akureyri í fjölmörgum greinum s.s. í viðskiptafræði, kennaranámi, iðjuþjálfun o.s.frv.

Með opnun útibús í Grindavík er vonast til að Grindavíkingar muni sækja meira í menntun bæði í almennum greinum, sí- og endurmenntun og fjarnám á háskólastigi.

## Hvað býður MSS upp á nú á haustönn?

Nám í heimabyggð fyrir þá sem eru í námi við háskólann á Akureyri í gegnum fjarfundabúnað, áhugasviðskannanir, Menntastöðir, skrifstofuskólann, tölvunámskeið, tölvunámskeið 60+, enskunámskeið, norskunámskeið, silfursmíði, íslenskunám fyrir útlendinga 1-5, tarotnámskeið, sjálfsstyrkingarnámskeið fyrir ungar konar og öllum aldri, námsleiðin sterkari starfsmaður, saumanámskeið, þrjónanámskeið og fluguhnýtinganámskeið. Í samstarfi við Fisktækniskólann er boðið upp á Handflökun á þorski og ýsu, handflökun og skurð á laxi og silungi, hnifar og skerpingar, innra eftirlit - HACCP, veiðitækni, vinnuvistfræði fyrir fiskvinnslufólk og sjómenn, meðferð afla fyrir strandveiðimenn og skipstjórnarréttindi fyrir 12 m. báta og styttri (pungapróf).

Nánari upplýsingar um nám og námskeið eru á [www.mss.is](http://www.mss.is)

## Helga Bryndís ráðin organisti við Grindavíkurkirkju

Helga Bryndís Magnúsdóttir hefur verið ráðin organisti við Grindavíkurkirkju.

Helga Bryndís er starfandi organisti og kórstjóri við Möðruvallakirkju í Hörgárdal og við kirkjurnar þar í kring og einnig í kirkjunum í Svarfaðardal og er stjórnandi Samkórs Svarfæla. Hún starfar einnig við Tónlistarskólann á Akureyri og Tónlistarskóla Dalvíkurbyggðar.

Helga Bryndís hefur lokið Kirkjuorganistarprófi frá Tónskóla Þjóðkirkjunnar en hennar aðalmenntun og starf hefur verið pianóleikur. Hún stefnir á að klára Kantorspróf við Tónskóla Þjóðkirkjunnar á næstu misserum. Helga Bryndís kemur til starfa í Grindavíkurkirkju 1. janúar 2011 og bjóðum við hana hjartanlega velkomna.



## Gunnhver opnaður að nýju fyrir ferðamönnum

Háhitasvæðið við Gunnhver á Reykjanesi í landi Grindavíkubæjar hefur verið opnað að nýju fyrir ferðamenn eftir þriggja ára lokun. Almannaþingin lokuðu svæðinu af öryggisástæðum eftir að aukin virkni hljóp í hverinn með þeim afleiðingum að hann breiddi úr sér, eyðilagði útsýnispall og tók í sundur veginn. Búið er að byggja nýja glæsilega útsýnispalla fyrir ferðamenn á svæðinu og er þar jafnframt aðgengi fyrir fatlaða. Þar er hægt að sjá og heyra orkuna brjótast úr iðrum jarðar.

Svæðið við Gunnhver hefur breyst mikið frá því fyrir þremur árum. Þar hefur myndast stærsti leirhver á Íslandi með 20 metra gígop. Mikið gufuústreymi er á háhitasvæðinu með fjölda gufu- og leirhverja.

Ferðamálasamtök Suðurnesja höfðu frumkvæðið að framkvæmdunum en þær eru fjármagnaðar af Grindavíkurbæ, Reykjanesbæ og Ferðamálastofu. Göngustígur um svæðið á milli útsýnispallanna tveggja var lagður og kostaður af HS Orku. Verkfræðistofa Suðurnesja sá um eftirlit með verkinu en Pétur Jónsson landslagsarkitekt sá um hönnun svæðisins og Grindin ehf. í Grindavík sá um smíði pallanna. Öryggismál á svæðinu voru unnin í samvinnu við lögreglustjórn og lögregluna á Suðurnesjum.



## Aukin aðsókn á tjaldsvæðið

– Nýtt þjónusthús rís

Aðsókn að nýja tjaldsvæðinu við Austurveg hefur aukist á milli ára. Allt síðasta sumar voru gistinætur samtals 4586 en í lok ágúst í ár voru þær 5264 en þá á eitthvað eftir að bætast við nú í september. Aukninguna má aðallega rekja til fjölgunar á íslenskum gestum á tjaldsvæðinu og að þeir gista fleiri nætur en áður. Alls hafa 1253 Íslendingar gist á tjaldsvæðinu í ár borið saman við 876 í fyrra.

Sem fyrr eru Þjóðverjar lang fjölmennastir útlendingar sem hingað koma eða 1077 og fjölgar þeim reyndar á milli ára. Hollendingar, Frakkar, Norðurlandabúar koma þar næst og eitthvað af Bretum, Ítölum og Spánverjum en það er nokkuð misjafnt á milli mánaða. Tjaldsvæðisgestir koma víða að. Flestar gistinætur voru í júlí eða 2119.

Undanfarnar vikur hefur nýja þjónustuhúsið á tjaldsvæðinu risið en búið var að smíða einingarnar áður en þær voru settar á grunninn. Húsið verður klárað á þessu ári og verður tekið í notkun vorið 2011. Verktaki er HH smíði.



## Ný heimasíða fyrir ferðamenn

Opnaður hefur verið vefurinn [www.visitgrindavik.is](http://www.visitgrindavik.is) sem er ætlaður ferðamönnum sem vilja kynna sér hvað er helst á boðstólum í Grindavíkurbæ. Vefurinn er á ensku og íslensku og unnið er að því að hafa hann einnig á þýsku. Á vefnum er að finna ýmsar upplýsingar um ferðaþjónustuaðila og ýmsa þjónustu í Grindavík, kynningarmyndbönd, bæklinga sem hafa verið gefnir út og ýmislegt fleira. Vefurinn er hluti af [www.grindavik.is](http://www.grindavik.is)

Þeir sem koma að ferðaþjónustu með einum eða öðrum hætti í Grindavíkurbæ og telja sig eiga heima á [www.visitgrindavik.is](http://www.visitgrindavik.is) eru hvattir til þess að senda upplýsingar á [heimasidan@grindavik.is](mailto:heimasidan@grindavik.is). Jafnframt eru allar nánar upplýsingar og ábendingar vel þegnar á sama netfang.



## Vel heppnuð gönguhátíð

Gönguhátíðin í Grindavík, AF STAD á Reykjanesið, fór fram um verslunarmannahelgina. Hátíðin hófst á föstudagskvöldinu með innanbæjargöngu um gamla bæjarhlutann í Grindavík. Á laugardegi var gengið um Selatanga þar sem skoðaðar voru minjar um verbúðir og sjósókn fyrri tíða.

Síðan var gengið um rekastig um Katlahraunið sem er líkt „Dimmuborgum“ með sínum kyngimögnum hraunmyndunum. Á sunnudeginum 1. ágúst var farið í Húshólma og á mánudag var svo farið í Tyrkjabyrgin. Aðsókn var með ágætum.



## Með horn á höfði

– fékk Grímuna og er sýnt í Borgarleikhúsinu

Uppskeruhátíð sviðlista, Gríman 2010, var haldin í suma. Grindvíská atvinnuleikhúsið og Bergur Ingólfsson fengu glæsilega viðurkenningar en segja má að Bergur hafi sópað til sín verðlaunum.

Leiksyningin Horn á höfði eftir Berg Þór Ingólfsson og Guðmund S. Brynjólfsson í sviðsetningu GRALS - Grindvíská atvinnuleikhússins var valin BARNASÝNING ÁRSINS.

Leikstjórn annaðist Bergur Þór Ingólfsson. Þetta er mikinn heiður fyrir lítið atvinnuleikhús í Grindavík og þá sem að GRAL standa.

Þess má geta að leiksyning ársins Horn á höfði verður tekin til sýninga í Borgarleikhúsinu 18. september nk.

## Lifandi veður


–upplýsingar um Grindavíkurhöfn

Nú er hægt að nálgast veðurupplýsingar um Grindavíkurhöfn eins og sjávarhæð, vindstyrk, flóðatöflur og ýmislegt fleira á heimasíðu bæjarins (sjá vinstri dálkur neðarlega til vinstri). Höfnin er lífæð Grindavíkur og því mikilvægt fyrir útgerðir, áhafnir og aðra og hafa beinan aðgang að þessum upplýsingum.


Fleira á eftir að bætast við í þetta upplýsingatorg Grindavíkurhafnar á næstunni eins ölduhæð og fleira.



Mýnd 1. Hlutfall nemenda í 9. bekk sem rökja daglega, árið 1997-2010.



Mýnd 5. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem hafa notað annarskonar vímuefni síðan eru alfar 20 ára, árið 1994 og 2010.



Mýnd 10. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem hafa notað annarskonar vímuefni síðan eru alfar 20 ára, árið 1994 og 2010.

# Hagir og líðan unglinga í Grindavík

Um 80% drengja í 9. og 10. bekk stunda íþróttir 4x í viku eða oftar - Samverustundir með foreldrum aukast

Ár hvert er lögð fyrir könnunum hjá nemendum í 8. - 10. bekk grunnskólans þar sem lagðar eru fyrir spurningar um hagi og líðan nemendanna. Rannsóknin er fram kvæmd af Rannsóknum og Greiningu ehf. Í ár var könnunin lögð fyrir í febrúarmánuði og bárust niðurstöður nú í lok sumars. Horft var til neyslu ungmenna á tóbaki, áfengi og ólöglegum vímuefnum og þær niðurstöður bornar saman við neyslu ungmenna sem búa utan bæjarfélagsins. Einnig var horft til þátta sem snerta félagslegt umhverfi ungmenna í Grindavík, s.s. samverustundir foreldra og ungmenna, útivistartíma og íþrótt- og tómsundaiðkunar. Svarhlutfall nemenda í Grindavík var um 74%.

### Neysla tóbaks, áfengis og annarra vímuefna

Þegar niðurstöður þessa kafla skýrslunnar eru skoðaðar má í heildina alveg hrósa grindvískum ungmennum með þann árangur sem þau sýna hvað varðar litla notkun á þessum efnunum. Þó er greinilegt að einhver hluti nemenda sem voru að klára 10. bekk sl. vor (f.1994) eru komin í einhverja neyslu.

Þegar daglegar reykingar eru skoðaðar þá sögðust 10% nemenda í 10. bekk reykja daglega en enginn í 9. bekk. Verulega hefur dregið úr daglegum reykingum unglunga á undanförunum árum líkt og mynd nr. 1 sýnir. Landsmeðaltal hefur farið úr 23% á árinu 1998 og niður í 10% 10 árum seinna.

Þegar lítið er á munn- og neftóbaksnotkun þá er neysla á neftóbaki minni hjá grindvískum ungmennum heldur en hjá jafnöldrum þeirra á Suðurnesjum og á landinu í heild. Aftur á móti er neysla á munntóbaki hlutfallslega algengari í 10. bekk og sérstaklega á meðal nemenda í Grindavík því 19% tíundu bekklinga (1994 árgangur) hafði neytt munntóbaks einu sinni eða oftar 30 dögum áður en könnunin var framkvæmd samanborið við 13% á öðrum svæðum á Reykjanesi. (Mynd 2). Munntóbak er ólöglegt efni en töluvert hefur borið á því á undanförunum árum að neysla þess sé bundin við íþróttamenn í efstu deildum boltaíþróttar og því er afar mikilvægt að íþróttahreyfingin í Grindavík móti sér skýra stefnu hvernig tekið skal á þessum málum innan sinna raða. Einnig er mikilvægt að íþróttamennirnir sjálfir geri sér grein fyrir því hversu miklar fyrirmyndir þeir geta verið því unglingar eru áhrifagarnir og vilja gjarnan apa eftir þeim sem eldri eru.

Þegar bornar eru saman tölur frá árunum 1997 til 2008 yfir hlutfall nemenda í 10. bekk sem

segjast hafa orðið drukknir einu sinni eða oftar um ævina sést að hlutfallið hefur lækkað jafnt og þétt. Farið úr 63% 1997 niður í 37% nemenda árið 2010. Ölvunartíðni nemenda í 10. bekk (1994 árgangur) í Grindavík er heldur hærra í ár í samanburði við nemendur á landinu í heild þegar horft er til neyslu, einu sinni eða oftar sl. 30 daga fyrir framkvæmd könnunar, 29% á móti 14%. Þegar nemendur voru spurðir hvort og þá hvar þeir höfðu drukkið áfengi svöruðu 25% nemenda í 10. bekk því til að þeir hefðu drukkið stundum eða oft heima hjá öðrum. Þetta hlutfall er töluvert hærra en á öðrum svæðum. Þessar tölur segja okkur hversu mikilvægt er að foreldrar leyfi ekki eftirlitslaus party og að foreldrar setji börnunum sínum skýrar reglur og styðji betur við bakið á þeim.

Neysla annarra vímuefna mælist varla hjá þessum aldursþópi í Grindavík. Þó höfðu örfáir nemendur í 10. bekk notað hass einu sinni eða oftar um ævina. Visbendingar eru um að „grasneysla“ (hass og amfetamín) hjá 16 – 18 ára unglungum í Grindavík sé að aukast og þarf að taka á því og sem fyrr eru það foreldrar/forráðamenn sem skipta þar mestu máli til að árangur náist í þeirri baráttu.

### Samvera foreldra og unglunga

Mikilvægi sterkra tengsla milli unglunga og foreldra þeirra verða seint ofmetin. Niðurstöður fjölmargra rannsókna sýna að samvistartími og samvera unglunga með foreldrum og fjölskyldu hafa margvísleg jákvæð áhrif í lífi þeirra. Rannsóknir hafa sýnt að umhyggja foreldra og eftirlit þeirra með unglungum tengist minni líkum á vímuefnanotkun unglunga. Niðurstöður Forvarnars dagsins sýna líka svart á hvítu að unglungarnar sjálfir vilja verja meiri tíma með foreldrum og fjölskyldu sem er kannski andstætt því sem foreldarnir sjálfir halda. Eftirlit og stuðningur foreldra í Grindavík við börnin sín hefur aukist miðað við niðurstöður þessara kannanna en gera má betur eins og kemur berlega í ljós þegar 25% nemenda í 10. bekk (1994 árgangur) segist hafa drukkið heima hjá öðrum. Þegar skoðað er hversu oft nemendur í 9. og 10. bekk eru með foreldrum sínum utan skólatíma á virkum dögum sögðust 55% stráka í Grindavík hafa oft eða nær alltaf verið með foreldrum sínum utan skólatíma borið saman við 51% stráka á Suðurnesjum og 48% stráka á landinu í heild. Svarhlutfallið hjá stúlkum í Grindavík var 50% sem eru álíka og á öðrum svæðum. 71% stráka segja það eiga mjög eða

frekar vel við að foreldrar setji þeim reglur um hvað þeir megi gera utan heimilis. Svarhlutfallið hjá stúlkum var 77%. Er þetta töluvert hærra hlutfall en hjá samanburðarhópum. 71% stráka segja að foreldrar þeirra viti með hverjum þeir eru á kvöldin. Hlutfallið hjá stúlkunum er 88%.

### Nám og skóli

Nemendur voru beðnir um að svara spurningum er snertu líðan þeirra og skamskipti í skólanum ásamt spurningum um viðhorf þeirra til náms síns. Þegar spurt var hvort nemendum þætti nám sitt hafa tilgang kemur í ljós að 70% stráka og stúlkna svara því til að námið hafi tilgang. 88% stráka og 77% stúlkna í 9. og 10. bekk svöruðu því til að þeim liði vel í skólanum.

### Íþrótt- og tómsundaiðkun

Fjölmargar rannsóknir hafa leitt í ljós að iðkun íþróttar og heilsuræktar sé holl og góð fyrir ungt fólk og dragi m.a. úr líkum á áhættuþegðun. Heilsusamlegur lífsstíll dregur einnig úr líkum á því að unglingar tileinki sér lífnaðarhætti sem fylgja notkun vímuefna. Kostir þess að stunda reglulega líkamrækt eru margir og hafa jákvæð áhrif á líf og líðan barna og unglunga. Niðurstöður könnunarinnar sýna að hlutfallslega fleiri unglingar í Grindavík stunda íþróttir 4x í viku eða oftar heldur en unglingar á öðrum svæðum. 79% stráka og 63% stúlkna í Grindavík æfa íþróttir 4x eða oftar í viku (mynd 3). Hlutfall þeirra sem stunda annað tómsundastarf er aftur á móti lægra en á öðrum svæðum. Hlutfallið hjá strákum er 36% og hjá stúlkum er hlutfallið 44% á móti 51%.

### Hafið í huga

„Hagir og líðan barna og unglunga í nærsamfélaginu varða alla einstaklinga sem hvert þeirra byggir. Nýjar og nýlegar rannsóknir hafa sýnt að áhrif nærsamfélagsins á líf og líðan barna og unglunga eru mikilvæg hverjum einstaklingi en standa auk þess sjálfstæð utan við áhrif hvers og eins þeirra. Þannig hafa þessar rannsóknir m.a. sýnt að líkur á vímuefnanotkun eru minni fyrir alla unglunga í nærsamfélagum þar sem foreldrasamvinna er mikil, en ekki bara fyrir þá einstaklinga sem eiga foreldra sem eru virkir þátttakendur í foreldrasamvinnu. Þessar rannsóknir renna því stoðum undir mikilvægi þess að leggja áherslu á nærsamfélagið í heild við hvers konar heilsuefingar- og forvarnavinnu meðal barna og unglunga.“ (Rannsókn og Greining, 2010).

# Kraftmikill Vinnuskóli

Vinnuskóli Grindavíkur var starfræktur með hefðbundnu sniði í sumar. Annað árið í röð var tekin sú ákvörðun að bjóða eldri unglingum, 16 – 18 ára, vinnu og var töluverð ásókn eftir vinnu frá þeim aldrshópi.

Vinnuskólanum var í sumar, líkt og árið áður, stjórnad af Ástu Jóhannesdóttur garðyrkustjóra og Páli Val Björnssyni yfirflokksstjóra. Undir þeirra verkstjórn hefur ásýnd Grindavíkurbær breyst mjög mikið til hins betra og hafa ófáir gestir Grindavíkur haft orð á því hversu miklum stakkaskiptum bærinn hefur tekið á undanfönum árum og þá til hins betra. Mikill áhersla var lögð á það við unglingana að þau beri virðingu fyrir umhverfi sínu og má segja að vel hafi tekist til með að fá þau til að hugsa betur um sitt nánasta umhverfi.

Sem hluta af starfsemi skólans fengu unglingarnir líka fræðslu og annað árið í röð komu fulltrúar jafningjafraeðslunnar í Reykjavík í heimsókn. Starfsemi jafningjafraeðslunnar gengur út á að ungur fræði ungan. Það sem felst í þessu er að forvarnir séu unnar af ungu fólki fyrir ungt fólk. Tókst vel til með þessa heimsókn. Auk þessa var reynt að brjóta starfð upp með skemmtun og fengu unglingarnir m.a. kennslu í sirkusatríðum.

Vinnuskólinn hafi í sumar einnig umsjón með tjaldsvæðinu og var því álagið töluvert meira á skólann en áður.



Ingibjörg Yrsa Ellertsdóttir og Gunnar Þorsteinsson með verðlaunin sín fyrir bestan árangur í kjarnafögunum í 10. bekk, Ingibjörg Yrsa fyrir dönsku og ensku og hæsta grunnskólaprófið og Gunnar fyrir stærðfræði og íslensku.

## 10. bekkur útskrifast frá grunnskólanum

Skólaslit unglingastigsins í Grunnskóla Grindavíkur fóru fram í júní. Veitt voru ýmis verðlaun fyrir góðan námsárangur, svo og hjálpsemi, dugnað og óserhliðni og framfarir ásamt því að formaður nemendafélagsins hélt tölu fyrir hönd 10. bekkina. Þetta var stór dagur fyrir nemendur í 10. bekk sem útskrifuðust og yfirgefa skólann sinn eftir tíu ára skólasetu. Þetta er jafnframt stærsti útskriftarárangur grunnskólans frá upphafi.

Eftirfarandi nemendur voru verðlaunaðir:

8.-10. bekkur

3. besti námsárangur á unglingastigi: Ingibjörg Yrsa Ellertsdóttir

2. besti námsárangur á unglingastigi: Hákon Ívar Ólafsson 9.Æ

Besti námsárangur á unglingastigi: Erla Þorsteinsdóttir 8.Þ

Besti árangur á grunnskólaprófi: Ingibjörg Yrsa Ellertsdóttir 10.KM

Penistonebikarinn fyrir góðan árangur í ensku á grunnskólaprófi: Ingibjörg Yrsa Ellertsdóttir 10.KM



Brynjar og Stella aðstoðarskólastjóri en Brynjar fékk verðlaun fyrir hjálpsemi, dugnað og þrúðmennsku.

Orðabók frá danska sendiráðinu góðan árangur í dönsku á grunnskólaprófi: Ingibjörg Yrsa Ellertsdóttir 10.KM

Sparisjóðurinn veitir verðlaun fyrir besta árangur í íslensku á grunnskólaprófi: Gunnar Þorsteinsson 10.KM

Landsbankinn veitir verðlaun fyrir besta árangur í stærðfræði á grunnskólaprófi: Gunnar Þorsteinsson 10.KM

UMFG veitir bikar fyrir góðan árangur í íþróttum pílta og stúlkna: Ingibjörg Yrsa Ellertsdóttir 10.KM og Kjartan Helgi Steinþórsson 10.PI

Aðalbraut veitir viðurkenningu fyrir þrautseigju og framfarir: Guðmundur Ingi Guðmundsson 10.PI

Viðurkenning fyrir hjálpsemi, dugnað og þrúðmennsku: Brynjar Örn Bjarkason 10.KM

Viðurkenning fyrir óserhliðni og dugnað í félagsstarfi: Anton Ingi Rúnarsson 8.E, Gunnar Þ. 10.KM, Telma Sif 10.PE og Viktor Atli Gunnarsson 10. PE



Leikið var á ýmis hljóðfæri við útskriftina. Mæðgurnar Telma Sif Reynisdóttir og Inga Þórðardóttir, skólastjóri Tónlistarskólans.

Grunnskóli Grindavíkur

## Fjölsmiðja – valáfangi á unglingastigi

Spennandi þróunarverkefni með þátttöku eldri borgara

Í upphafi nýs skólaárs er verið að fara af stað með nýtt þróunarverkefni sem hefur hlotið nafnið Fjölsmiðja. Fjölsmiðjan er valgrein fyrir nemendur úr elstu bekkjum í Grunnskóla Grindavíkur. Námið felst aðallega í því að horft er til verklegra þátta í skólastarfinu. Markmiðið er að styðja við nemendur á þann hátt að þeir öðlist styrkan grunn í verk- og listgreinum og verða þannig undir það búnir að fara í framhaldsnám á því sviði eða öðlist færni til að takast á við þessa mikilvægu þætti í framtíðinni. Einnig verður lagt mikið upp úr mannlegum samskiptum og að samvera í kennslustundum sé afslöppuð og heimilisleg. Þá verður lögð áhersla á skipulögð vinnubrögð og að allir öryggisþættir í verknáminu séu í lagi.

Kennslaðferðir í fjölsmiðjunni miðast við að nám eigi sér stað við raunaðstæður og þannig dregið úr bóklegu námi. Hluti af náminu eru vettvangsferðir og fyrirlestrar um málefni sem nýtast nemendum í verkþáttum og daglegu lífi. Mikið er lagt upp úr því að samstarf sé gott milli leiðbeinenda og nemenda. Hlustað er á væntingar nemandans og tekið mið af getustigi hans. Slagorð fjölsmiðjunnar er; enginn getur allt en allir geta eitthvað.

Hugmyndafræði fjölsmiðjunnar mótast að miklu leiti af fjölgreindarkenningu Gardners. Samkvæmt kenningu Gardners eru margar greindir og allar vega þær jafn þungt og fjölsmiðjan byggir á, að allir hafa sterka hlíð sem finna má innan þessara greinda. Unnið er að jákvæðri atferlismótun, virðingu fyrir margbreytileika manna sem leiðir til fjölbreyttra námsaðferða. Dregið er úr óæskilegri hegðun með því að þjálfá félagsfærni og gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti.

Í Fjölsmiðju er rík áhersla lögð á:

- Stundvísi og góðar mættingar.
- Virka þátttöku og vilja til að prófa nýja hluti.

- Að hjálpa nemendum að gera hugmyndir sínar raunhæfar og að veruleika.

Fjölsmiðjan er valkostur fyrir nemendur sem:

- Vilja öðlast jákvætt viðhorf til list- og verknaðs.
- Vilja tengja skólagöngu sína við þátttöku í atvinnulífi og þá aðallega á verklega sviðinu.
- Vilja auka stórlega vægi verklegra námsgreina.
- Vilja leggja stund á nám í litlum hópi þar sem sérstök áhersla er lögð á umburðarlyndi og virðingu.

Enginn getur allt, allir geta eitthvað

Meðal verkefna sem unnið verður að má nefna:

Viðgerðarverkstæði

Nemendur læra viðgerðir á t.d. slátturvélum, skellinöðrum, slátturorfum og ýmsum öðrum hlutum.

Áhersla verður lögð á meðferð tækja og verkfæra. Sérstök áhersla er lögð á öryggisatriði og heilsuvernd við vinnuna.

Á verkstæðinu verður meðal annarra eldri borgari úr Grindavík sem er véltjóri, hefur allt lífið safnað reynslu og þekkingu á sínu sviði.

Eldhúshornið undirbúið og komið af stað

Þar verður hægt að læra allt frá a – ö varðandi vinnu í eldhúsi og góð ráð varðandi ýmislegt sem viðkemur rekstri heimilis, t.d. hvernig nær maður blettum úr fötum? Hvernig er best að búa til hafragraut? Hvernig á að búa til sultu? Og ýmislegt fleira.

Í eldhúshorninu verður meðal annarra eldri borgari úr Grindavík sem hefur unnið sem húsmóðir, er sérfræðingur í öllu sem viðkemur rekstri heimilis og upplendi barna, fjársjóður þeirra sem leita til og vilja læra.



Listasmiðja

Þar gefst fólki kostur á að hanna og búa til listaverk eða ýmiskonar nytjahluti.

Einnig er möguleiki á að mála og teikna.

Hugsanlega væru einhverjir sem gætu búið til stuttmyndir, heimildarmyndir eða tekið ljósmyndir. Unnið þær í tölvum, sem hægt er að nota á ýmsum sviðum. Ef einhverjir gætu hugsað sér að vinna með tónlist í tölvu t.d. fyrir stuttmyndirnar þá gefur það möguleika á áhugaverðu samstarfi.

Það sem væri áhugavert að athuga er hvort fólk hefur áhuga á að mynda hópa sem koma saman um að vinna að sameiginlegri sköpun, t.d. búa til listaverk, sem getur verið farvegur fyrir nokkra miðla, t.d. stuttmynd með tónlist, búningum, handriti, leik, smíði á leikmynd og leikmunum.

Í skoðun er að finna fleiri spennandi verkefni sem gætu vakði áhuga nemenda en einnig er stór þáttur í þessu verkefni að hlusta eftir þörfum og áhuga nemendanna sjálfra og koma til móts við þau eins og hægt er.

## Félag handverksfólks fær aðsetur að Skólabraut 8

Fyrir tæpu ári síðan var stofnað hér í Grindavík, Félag handverksfólks. Formaður þess félags var kosinn Einar Lárússon. Mikill hugur hefur verið í handverksfólki í Grindavík að efla þessa starfsemi. Eitt af fyrstu verkefnum stjórnar félagsins hefur verið m.a. að finna félaginu vinnuáðstöðu fyrir félagsmenn en tilgangur félagsins er m.a. að;

- stuðla að eflingu handverks í Grindavík
- koma á varanlegri aðstöðu fyrir handverksfólk í Grindavík
- efla þekkingu á handverki í Grindavík, t.d. með námskeiðahaldi.

Félagið hóf strax viðræður við bæjaryfirvöld sl. haust um hugsanlega lausn á húsnæðismálum en þeim viðræðum var slegið á frest sl. vor þegar sveitarstjórnarkosningar nálguðust.



Viðræður við nýjan meirihluta voru svo teknar upp í sumar og sóttist félagið eftir að fá aðstöðu í gömlu slökkvistöðinni, (Skólabraut 8). Það var svo á bæjarstjórnarfundum þann 8. september sem bæjarstjórn samþykkti samningi á milli bæjaryfirvalda og Félags handverksfólks um afnot af hluta húsnæðisins að Skólabraut 8. Fær

félagið húsnæðið til afnota í eitt ár til reynslu. Á móti skuldbindur félagið sig m.a. til að:

- tengjast menningarlífi bæjarins og samfélaginu í heild með menningartilboðum s.s. námskeiðum og ýmsum uppakomum.
- taka þátt í viðburðum á vegum Grindavíkurbæjar, s.s. Menningarviku og Sjóaranum Sikáta.
- bjóða áhugasömu fólki á öllum aldri að taka þátt í verkefnum þess og leitast við að kynna starfsemi sína og auglýsa viðburði vel.
- eftir því sem kostur er, að gefa nemendum grunnskólans og þátttakendum í Fjölsmiðju kost á því að fylgjast með vinnu handverksfólks. Slíkt skal gert í samráði við skólafyrirvöld.

# 18 holu golfvöllur verður eitt helsta aðdráttarafi Grindavíkur

Fyrir tveimur árum síðan hafði Grindavíkurbær frumkvæði að viðræðum við Golfklúbb Grindavíkur varðandi styrkveitingu vegna stækkun Húsatóftavallar úr 13 holum í 18. Óhætt er að segja að boltinn hafi farið af stað enda segir Páll Erlingsson formaður GG að styrkur bæjarins hafi verið mjög veglegur eða um 50 milljónir. Framkvæmdir ganga vel og er stefnt að því að 18 holu völlur verði tekinn í gagn 2012.

Við hönnun á nýju brautunum var fyrst í stað haft samband við Edwin Rögnvaldson golfvallahönnuð en eftir vandlega íhugun var ákveðið að leita til Hannesar Þorsteinssonar því hann hafði áður hannað stækkun vallarins úr 9 holum í 13. Var það í raun eðlileg þróun mála þar sem Hannes þekkir vel til aðstæðna og kjörð að fá hann til að ljúka því verki sem hafði var.

„Markmiðið með stækkuninni er að veita kylfingum annan valkost við þá 18 holu velli sem eru á suðvestur horninu ásamt því að nýta það stórbrotna landslag sem er á svæði golfvallarins undir brautir sem muni trekkja að kylfinga og aðra gesti víðsvegar af landinu. Það er golfklúbbum gríðarlega mikilvægt að bjóða upp á 18 holu golfvöll þar sem kylfingar setja það mikið fyrir sig hvort leikið sé á 13 holu velli eða 18 holu velli. Með þessu móti erum við bjartsýn



á að aðsókn muni aukast til muna á næstu árum. Það mun styrkja rekstrargrundvöll golfklúbbsins ásamt því að auka heimsóknir ferðamanna og gesta til bæjarins. Með þessu móti teljum við alla hafa hag af þessari stækkun. Sérstaklega á þeim tímum sem við upplifum núna. Völlurinn er hugsaður fyrst og fremst fyrir hinn almenna kylfing, hjónafolk og ferðamenn sem vilja njóta þess að leika golf í stórkostlegu og streitulausu umhverfi þar sem hægt er að njóta stundarinnar í góðum félagskap,“ segir Páll. Stækkunarfrumkvæmdir hafa gengið vel í sumar og nú er svo komið að allar nýju brautirnar hafa verið ruddar út og sáningu í þær lauk í

ágúst síðastliðnum. Það má því sjá nýju flatirnar og brautirnar vera að taka á sig þá mynd sem alla hefur dreymt um, iðagrænar og fallegar.

„Helstu framkvæmdum mun ljúka árið 2012 og 18 holu golfvöllur lita dagsins ljós. Það mun koma mörgum skemmtilega á óvart hversu glæsilega hefur til tekist við stækkunina og án efa koma okkur almennilega og til frambúðar á golfkortið meðal kylfinga. Nýju brautirnar liggja að mestum hluta inni í hrauni þar sem nákvæmni og úthugsuð leikáætlun gildir til að ná almennilegu skori. Umhverfið er stórbrotið þar sem mikið landslag er í brautunum ásamt gjám og hrauni sem mynda þær andstæður sem muni heilla kylfinga,“ segir Páll af miklum sannfæringarkrafti.

Þegar þetta verður orðinn 18 holu völlur, hvenær verður landsmótið í Grindavík?

„Við erum ekki að hugsa Húsatóftavöll sem hinn einstaka keppnisvöll, heldur eins og áður sagði sem góðan valkost fyrir almennan kylfing að koma hingað til Grindavíkur og spila í frábæru umhverfi þar sem vel er tekið á móti öllum af hlýju og á persónulegum nótum,“ segir Páll.

Í dag eru félagar GG orðnir um 220 talsins og hefur þeim fjölgað um hátt í 40 manns það sem af er ári. Markmiðið er að ná þeirri félagatölu upp í amk. 300 á árinu 2012 að sögn Páls.

„Við erum mjög bjartsýnir á að það takist þar sem vellir á höfuðborgarsvæðinu ná ekki lengur að sinna almennum félögum og erfitt er um vik að fá rástíma í sínum klúbbi. Þess vegna verður Húsatóftavöllur góður valkostur fyrir alla sem muna heimsækja okkur. Þar spilar inn í að flatargjöld eru á hóflegu verði og ársgjöld vægast sagt viðráðanleg fyrir alla. Það er mikill metnaður innan okkar raða að bjóða upp á einstakan völl sem koma mun gestum skemmtilega á óvart. Það mun verða öllum til heilla að bjóða upp á raunhæfan valkost við íþróttaföruna sem Grindavíkurbær hefur verið þekktur fyrir. Húsatóftavöllur mun án efa verða eitt aðal aðdráttarafi bæjarins þegar fram líða stundir,“ sagði Páll Erlingsson, formaður GG að lokum.

# Fjölbreytt félagsstarf eldri borgara

Félagsstarf eldri borgara í Grindavík er nú að hefjast af miklum krafti og ættu flestir að finna eitthvað við sitt hæfi. Eftirfarandi frístundastarf verður í boði fyrir eldri borgara í Grindavík á komandi haustmánuðum:

Almenn handavinna í Víðihlíð hófst þriðjudaginn 7. september og verður á eftirtöldum tímum:  
- mánudögum frá kl. 09:00 - 12:00 og 13:30 - 16:30.

- Þriðjudögum frá kl. 13:30 - 16:30.

Umsjón með handavinnunni hafa Þórunn Lindberg og Anna Hanna.

Símanúmer í Víðihlíð er 426 8014

Áfram verður boðið upp á tíma í almennri líkamsrækt í Orkuvíni, Hafnargótu 28, og eru þeir tímar á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 09:30 - 11:00. Þessir tímar hafa verið mjög vinsælir og hafa allir gott af því að hreyfa sig og auka við þol og þrek, svo ekki sé minnst á betri andlega líðan. Umsjón með þessum tímum hafa Laufey Sigurðardóttir, einkaþjálfari og Ásdís Sigurðardóttir íþróttakennari. Eru þeir sem hafa hug á því að mæta í þessa tíma beðnir um að hringja í Orkuvíni á síma 426 9899 og skrá sig.

Fyrir hádegi á miðvikudögum (09:00 - 11:45) verður boðið upp á námskeið í útskurði. Kennir verður í Kvennó og leiðbeinandi Jón Adolf Steinólfsson. Kostnaður við námskeiðið er enginn en þátttakendur greiða efniskostnað. Hægt verður að fá lánuð útskurðarjárn en kostur er að eiga slíkt.

Fyrsti tími verður 22. september. Námskeiðið stendur yfir í 8 vikur. Tekið er við skráningu á bæjarskrifstofunni í síma 420 1100.

Á föstudögum milli kl. 10:00 - 12:00 verður boðið upp á samverustund í íþróttahúsinu þar sem m.a. verður hægt að spila boccia, farið verður í hópleiki og stíginn dans, hringdans, marseringar o.fl. skemmtilegt. Umsjón hefur Ásdís Sigurðardóttir íþróttakennari. Fyrsta samverustund verður föstudaginn 10. september.

Einnig minnum við á að á fimmtudögum frá kl. 14:00 er spilað í safnaðarheimili kirkjunnar og annan miðvikudag í hverjum mánuði kl. 14:00 er spilað bingó í Víðihlíð. Fyrsta bingóið verður 22. september nk. Einnig bendum við á að á fimmtudagskvöldum kl. 20:00 er spilið félagsvíst í „Framsóknarhúsinu“ Víkurbraut.

Frá og með mánudeginum 4. október geta þeir sem vilja nýtt sér það að ganga inni í fjölnota íþróttahúsinu, Hópinu. Opnunartími er frá kl. 06:30 - 12:00 alla virka daga. Gestabók verður í húsinu og eru þeir sem nýta sér þetta tilboð beðnir um að skrá komur sínar í húsið.

Ungur nemur - gamall temur/kynslóðir saman. Nú á haustmánuðum er að fara í gang í grunnskólanum svokölluð FJÓLSMÍÐJA þar sem nemendur takast á við hin ýmsu verkefni óhefðbundin frá hinum hefðbundnu námsgreinum. Markmiðið er að styðja við nemendur á þann hátt að þeir öðlist styrkan grunn í verk- og listgreinum og verða þannig undir það búnir að fara í framhaldsnám á því sviði eða öðlist færni til að takast á við þessa mikilvægu þætti í framtíðinni. Ein hugmynd er að tengja þessi verkefni við



félagsstarf eldri borgara þar sem eldri borgarar kæmu inn sem nokkurs konar leiðbeinendur/samstarfsaðilar.

Í fyrstu verður boðið upp á viðgerðarverkstæði þar sem nemendur læra að gera við sláttuvélar, skellinöðrur ofl. Eldhúshorn verður þar sem nemendur læra ýmislegt er viðkemur rekstri heimila og ýmislegt fleira. Einnig verður lista-smíðja þar sem nemendum gefst kostur á að búa til listaverk eða ýmskonar nytjahluti. Þeir sem hafa áhuga á því að koma að þessu skemmtilega verkefni og vilja miðla reynslu sinni með ungu fólki geta sett sig í samband við undirritaðann.

Bæjaryfirvöld hvetja alla eldri borgara til að nýta sér þau tilboð sem boðið er upp á og fjölmenna í félagsstarfið. Því fleiri sem mæta því öflugra verður starfið.

Allar nánari upplýsingar veitir Kristinn J. Reimarsson, frístunda- og menningarfulltrúi Grindavíkurbæjar í síma 420 1100 eða 660 7310.



## Uppskeruhátíð á Bókasafninu

Miðvikudaginn 8. september s.l., var uppskeruhátíð haldin á Bókasafninu eftir sumarlesturinn. 72 krakkar skráðu sig en 48 krakkar skiluðu inn lesnum bókum og fengu happdrættismiða.

Til að byrja með var aðeins spjallað um Alþjóðlegan dag læsis og hve þakklát við gætum öll verið að fá að læra að lesa og að geta lesið okkur til ánægju.

Allir krakkarirnir fengu viðurkenningarskjal fyrir þátttökuna og þrjár lestrarhestar úr eldri og yngri hópum fengu verðlaun. Lestrarhestar í eldri hópnum voru: Nökkvi Már Nökkvason, 11 ára, Silja Rós Viðarsdóttir, á 11.ári og Emilía Rut Ragnarsdóttir einnig á 11.ári. Yngri Lestrarhestarnir voru: Jenný Geirdal, 8 ára, Guð-

finna Björt Þórdísardóttir, 8 ára og Ásdís Marín Kristjánsdóttir, 10 ára.

Bæjarstjórinn, Róbert Ragnarsson, kom og sagði frá sinni uppáhaldsbók í æsku og dró svo í happdrættinu. Þau heppnu voru: Chellize-Marie Lane, Margrét Friða Hjálmsdóttir og Viktoría Rós Horne. Öllum krökkunum er þökkun þátttöku og þeim sem fengu verðlaun og vinninga er óskað til hamingju með það. Þeir krakkar sem ekki gátu mætt, geta sótt viðurkenningarskjölin og vinninga á Bókasafnið.

Efri mynd: Lestrarhestarnir Nökkvi Már, Silja Rós (eldri hópur) og neðri mynd: Jenný (yngri hópur)





Verðlaunahafar ásamt Róbert bæjarstjóra og Guðbjörgu formanni umhverfisnefndar. Á myndina vantar Elsu Dóru og Jóhann Líndal sem voru í útlöndum.

Umhverfisverðlaun Grindavíkurbæjar 2010 voru afhent með pomp og pragt í Saltfisksetrinu. Að þessu sinni voru afhent fimm verðlaun. Hinir fjallhressu Stigamenn tóku lagið og Gunnar Tómasson sagði frá tilurð minja- og myndasýningar Þorbjarnar hf. sem fékk Umhverfisverðlaun fyrirtækja að þessu sinni.

Guðbjörg Eyjólfsdóttir, formaður umhverfisnefndar, bauð gesti velkomna og sagði frá því að nefndin hefði að þessu sinni óskað eftir tilnefningum til verðlauna. Fjöldmargar ábendingar bárust nefndinni sem fór víða um bæinn og naut liðsinnis Ástu Jóhannesdóttur garðyrkjustjóra Grindavíkurbæjar.

Róbert Ragnarsson bæjarstjóri afhenti Umhverfisverðlaunin 2010, sem komu í hlut eftirfarandi:

1. Verðlaun fyrir fallegan og gróinn garð: Norðurvör 2, Matthías Grindvík Guðmundsson og Berta Grétarsdóttir.
2. Verðlaun fyrir fallegan og gróinn garð: Blómsturvellir 6, Daníel Jónsson og Birna Bjarnadóttir
3. Verðlaun fyrir ræktun við erfðar aðstæður: Staðarhóll í Staðarhverfi - Elsa Dóra og Jóhann Líndal.
4. Verðlaun fyrir vel heppnaða viðgerð á gömlu húsi: Bergsholt, Borgarhraun 5 - Björn Steinar Sigurjónsson og Rebekka Jörmundsdóttir.
5. Verðlaun fyrir snyrtilegasta fyrirtækið: Þorbjörn hf. fyrir minja- og myndasýninguna.



Stigamenn tóku nokkur lög.

